

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Bláskógabyggðar nr. 583/2002.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. samþykktarinnar:

- a) Á eftir 8. tölul. A-hluta greinarinnar bætist nýr tölul. sem verður 9. tölul. og verður svohljóðandi:

Aðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurlands. Einn fulltrúi og einn til vara.

- b) 16. tölul. B-hluta greinarinnar verður svohljóðandi:

Sameiginleg byggingarnefnd uppsveita Árnæssýslu. Sameiginleg byggingarnefnd er með Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Flóahreppi. Skipa skal einn aðalmann og annan til vara.

2. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 9. ágúst 2007.

F. h. r.

Sesselja Árnadóttir.

Stefanía Traustadóttir.